




## Reglur um innritun skólabarna, skólahverfi og flutning milli skóla

1. Akranes skiptist í tvö svæði sem tilheyra annars vegar Brekkubæjarskóla og hins vegar Grundaskóla. Mörkin milli svæðanna liggja um Þjóðbraut og Faxabraut. Hægt er að víkja frá þessari reglu ef af því hlýst óhagkvæmni að teknu tilliti til fjölda bekkjardeilda, fjölda í bekkjum eða annarra ástæðna.
2. Eigi síðar en í febrúar ár hvert sendir menningar- og fræðslusvið Akraneskaupstaðar foreldrum upplýsingar um í hvorn skóla barn þeirra er innritað ásamt umsóknareyðublaði um skóladagvist. Gefinn verður 14 daga frestur til að gera athugasemdir.
3. Ef foreldrar/forráðamenn flytja milli skólasvæða eftir að barn hefur hafið skólagöngu er ætlast til þess að þeir ræði við umsjónarkennara barnsins og/ eða skólastjóra um hvort æskilegt er að barn flytji sig á milli skóla og þá innan skólaársins eða síðar.
4. Komi til ágreinings vegna þessara reglna er hægt að skjóta málínu til sviðsstjóra menningar- og fræðslusviðs / skólanefndar.

**Þannig samþykkt á fundi skólanefndar Akraness 5. febrúar 2003 og  
staðfest á fundi bæjarráðs Akraness 20. febrúar 2003**

Akranesi, 20. febrúar 2003.



Gísli Gíslason